

1868.
28. marz.

stjórnarráðið með engu móti fallizt á, að þær, herra amtmaður, hafið skotið til sýslumannanna, hvort ekki ætti að svipta þá fjárför ráðum sínum, sem lagt er af sveit, og skeyta ekki ráðum hreppstjóranna um ásetning skepna.

17. apríl.

17. Lög um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Stjórninni skal heimilt, ef að jafnrætti kemur á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa forrættindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi án tillits til lestatafs þeirra, og eins milli Íslands og konungsríkisins — að Færeyjum meðtöldum — fram og aftur; skal samt gætt hinna almennu ákvarðana, er gilda um slíkar siglingar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn
17. dag aprílmánaðar 1868.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Ástæður fyrir lögum þessum.

Samkvæmt opnum bréfum 1. septembermán. 1819 og 5. septembermán. 1820 var skipum danskra þegna einum geymdur rættur á að flytja vörur hafna á milli í konungsríkinu og eins áður fyrri milli konungsríkisins og hertogadæmanna Slèsvíkur og Holtsetalands á skipum, sem voru 15 kaupskipalestir að rúm-máli eða þaðan af minni, en með lögum 14. aprílmán. 1865 var stjórninni veitt heimild til, ef jafnrætti kæmi á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa forrættindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á

1868.

17. apríl.

milli í konungsríkinu án tillits til lestatals þeirra, þannig, að gætt væri hinna almennilegu ákvarðana, sem gilda um slíkar siglingar. En eins og kunnugt er, þá er lagt í 3. grein laganna 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi líkt bann á móti því, að utanríkisskip 15 lesta og þaðan af minni sé höfð til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og konungsríkisins, eins og bann það, sem stjórninni í fyr nefndum lögum 14. aprílmán. 1865 er veitt heimild til að leysa undan með samningum við útlend ríki. Og með því að hlotizt gæti af því, ef slíkir samningar, sem gjörðir kunna að vera, ekki mættu ná til vöruflutninga milli Íslands og Danmerkur, að skip með dönsku flaggi yrðu þá af hagsmunum þeim, sem þau annars gætu orðið aðnjótandi fyrir slíka samninga, skrifadist aðalskattstjórnin á við fjárstjórnina um málefni þetta, og stakk því næst uppá við dómsmálastjórnina, að hún leitadist við að bæta úr þessum meinbugum með því að bera málið undir alþingi og koma á stað lagaboði, er lèti heimild þá, sem stjórninni er veitt í lögnum 14. aprílmán. 1865, að minnsta kosti líka ná til vöruflutninga milli Íslands og konungsríkisins. Samkvæmt þessu, og af því að dómsmálastjórninni fyrir sitt leyti virtist ástæða sú, sem aðalskattstjórnin hafði tekið fram, mæla fram með að láta heimild þessa einnig ná til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, og það því fremur, sem með þessari fyrir huguðu ráðstöfun að eins er stigið einu feti lengra í þá stefnu, sem gengið hefir verið í með hinum fyrri lagaboðum, sem hafa lotið að að leysa íslenzku verzlunina úr höptum þeim, sem hún hefir verið bundin — þá var fenginn konungsráskurður um, að leggja mætti lagafrumvarp það, sem hér er að framan, fyrir alþingi.

Samkvæmt þessu var lagafrumvarpið með ástæðum lagt fyrir alþingi árið sem leið, og í þegnlegu álitsskjali¹ sínu um frumvarpið hefir þingið mælt fram með, að það verði gjört að lögum, og að eins stungið uppá tveim lítilvægum orðabreytingum í íslenzka textanum.

En með því, að lagafrumvarp þetta ekki að eins á við

1) Sjá Tíðindi frá alþingi 1867, II, 249.—50. bls.

1868.
17. apríl.

vöruflutninga sjóleiðis hafna á milli á Íslandi, heldur einnig við slíka flutninga frá höfnum á Íslandi til hafna í konungsríkinu fram og aftur, hefir þókt nauðsynlegt að leggja frumvarpið fyrir ríkisþingið til samþykktar.

17. apríl. 18. Opið bréf handa Íslandi, um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vörs trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Þegar á að flytja þurfamenn hreppa á milli í sömu sýslu, skal sýslumaðurinn eptir reikningum þeim, er hann fær frá hlutadeigandi hreppstjórum, og leggur sjálfur úrskurð á, jafna niður kostnaði þeim, sem gengið hefir til flutningsins, á alla hreppana í sýslunni eptir tölu tíundarbærra lausafjórðunda hvers hrepps, og skal síðan gjalda hluta þann, sem kemur á hvern hrepp, úr fátækra sjóði hans. Sè nokkur óánægður með niðurbjörgun sýslumannsins, getur hann kært það fyrir amtmanni, og skal standa við úrskurð þann, sem hann leggur á málið. Sè kaupstaður í sýslunni, á sýslumaður að senda amtmanni skýrslu um upphæð kostnaðarins til flutningsins, áður en hann jafnar honum niður á hreppana, og skal amtmáður þá leita álits bæjarstjórnarinnar um málið og ákveða síðan, hversu mikill hluti kostnaðarins eigi að koma á kaupstaðinn, og skal því næst gjalda þenna hluta úr bæjarsjóðnum.

2. grein.

Sè þurfamaður fluttur landveg sýslna á milli eða um fleiri sýslur, skal hver sýsla um sig borga þann kostnað, sem leiðir af flutningi þurfamannsins í sýslunni. Sè þurfamaðurinn aftur